| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 4. feb. 2013 – útg. 1 |
| **Námsgrein** | Rekstrarhagfræði |
| **Titill** | Rekstrarhagfræði II |
| **Skammstöfun** | REKS3CA05 |
| **Viðfangsefni** | Framlegð, framleiðsla, fyrirtæki og stofnanir |
| **Staða áfanga** | |
| **Þrep áfanga** | 3 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Leitast er við að auka skilning nemenda á viðfangsefnum í rekstri fyrirtækja, framlegð þeirra, markaðsstöðu, fákeppni og samkeppni, ábata neytanda og framleiðanda, afrakstur og hagkvæmni. Fjallað er um framleiðslu- og kostnaðarföll, framlegðarútreikninga og útreikninga á hagkvæmustu framleiðslusamsetningu, framboð, eftirspurn, nytjaföll, teygni og verðmyndun við mismunandi markaðsform. Stór hluti áfangans felst í stærðfræðilegri greiningu á rekstrarfræðilegum úrlausnarefnum sem snúa m.a. að kostnaði, tekjumyndun og jafnvægi í rekstri fyrirtækja og deildun við hámörkun hagnaðar. Áhersla er lögð á stærðfræðilega nálgun, notkun línurita og upplýsingatækni. |
| **Forkröfur áfanga** | REKS2BA05 |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• Teygnihugtakinu.<br>• Framleiðsluhugtakinu.<br>• Kostnaðarhugtakinu.<br>• Jaðarhugtakinu.<br>• Verðmyndun við mismunandi markaðsform.<br>• Stærðfræðilegri og myndrænni útfærslu og ofangreindum hugtökum. |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• Reikna teygni.<br>• hagkvæmustu framleiðslusamsetningu tveggja vara.<br>• Reikna kostnaðarþætti s.s. heildarkostnað, meðalkostnað og jaðarkostnað.<br>• Útskýra útreikninga með hagfræðilíkönum.<br>• Útskýra mismunandi markaðsform og gera líkan. |

| | |
|---|---|
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• Þekkja helstu aðferðir við útreikninga í rekstri fyrirtækja og stofnana.<br>• Spyrja spurninga sem eru til þess fallnar að bæta afkomu í rekstri.<br>• Taka þátt í umræðu um rekstur fyrirtækja og stofnana. |
| **Námsmat** | |